

Fréttatilkynning

Ársreikningur Landsvirkjunar 2014

Hagnaður ársins er 78,4 milljónir USD

- Nettó skuldir lækka um 238,7 milljónir USD frá fyrra ári

Helstu atriði ársreiknings:

- Rekstrartekjur námu 438,3 milljónum USD (57,0 ma.kr.) sem er 3,6% hækkun frá árinu áður.¹
- EBITDA nam 332,2 milljónum USD (43,2 ma.kr.) sem er 0,9% hækkun frá árinu áður. EBITDA hlutfall er 75,8% af tekjum, en var 77,8% árið áður.
- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 146,9 milljónum USD (19,1 ma.kr.), en var 121,8 milljónir USD (15,8 ma.kr.) árið áður og hækkar því um 20,5% milli ára.
- Hagnaður ársins var 78,4 milljónir USD (10,2 ma.kr.) en árið áður var tap 38,5 milljónir USD (5,0 ma.kr.).
- Nettó skuldir lækkuðu um 238,7 milljónir USD (31,0 ma.kr.) á milli ára og voru í árslok 2.190,5 milljónir USD (284,8 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 233,8 milljónum USD (30,4 ma.kr.) sem er 9,5% lækkun frá árinu áður.
- Fjárfestingar námu 88,3 milljónum USD (11,5 ma.kr.). Handbært fé frá rekstri eftir fjárfestingar var því 145,5 milljónir USD (18,9 ma.kr.) sem nýtt er til lækkunar skulda og greiðslu arðs til eigenda.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á árinu 2014 þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi, einkum vegna lágs álverðs og takmörkunar á afhendingu raforku vegna slakrar vatnsstöðu. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði var um 19 milljarðar króna, hækkaði um 20% frá fyrra ári og hefur ekki verið meiri áður.

Fyrirtækið byggir á góðum grunni hjá starfsmönnum í orkuvinnslu um land allt á 50 ára afmælisári þess og árangur af öflugri fjármálastjórn ásamt auknu markaðsstarfi og rannsóknarstarfi er þegar farinn að skila sér.

Nettó skuldir halda áfram að lækka og hafa nú lækkað um rúma 80 milljarða króna frá árslokum 2009. Með aukinni fjármunamyndun vegna aukinnar orkusölu, herra



raforkuverðs og lægri skuldsetningar munu tækifæri til arðgreiðslna aukast verulega á næstu árum.“

Rekstraryfirlit

Raforkuvinnsla Landsvirkjunar á árinu 2014 dróst örlítið saman, en selt magn nam 13.082 GWst á árinu. Hlutur vatnsafls er um 96% í vinnslu Landsvirkjunar og hlutur jarðvarma er 4%. Á árinu var Búðarhálsstöð tekin í rekstur og almennt gekk rekstur aflstöðva vel á árinu. Vegna lágrar vatnsstöðu í lónum Landsvirkjunar í upphafi árs og þurrkatíð fram eftir vetri, þurfti Landsvirkjun að takmarka afhendingu á orku vorið 2014. Þá var neyðarstjórn Landsvirkjunar virkjuð vegna umbrota í Bárðarbungu og mögulegra áhrifa þeirra á rekstur aflstöðva Landsvirkjunar.

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2014	2013	2012	2011	2010
Rekstur					
Rekstrartekjur	428.655	407.676	389.499	419.708	383.991
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	9.629	15.228	18.325	16.488	(6.342)
Rekstrartekjur samtals	438.284	422.904	407.824	436.196	377.649
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(106.126)	(93.768)	(86.488)	(90.993)	(79.564)
EBITDA	332.158	329.136	321.336	345.203	298.085
Afskriftir og virðisrýrnun	(114.045)	(117.670)	(112.288)	(108.200)	(107.258)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	218.113	211.466	209.048	237.003	190.827
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(69.838)	(86.988)	(103.093)	(126.877)	(99.275)
Áhrif hlutdeildarféлага	(1.419)	(2.647)	(2.229)	(4.014)	(1.581)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	146.856	121.831	103.726	106.112	89.971
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(88.484)	(174.641)	(3.391)	(93.197)	(55.583)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(8.426)	5.014	13.653	6.959	(39.438)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	60.271	(16.658)	(12.675)	22.711	87.619
	(36.639)	(186.285)	(2.413)	(63.527)	(7.402)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	110.217	(64.454)	101.313	42.585	82.569
Tekjuskattur	(31.797)	25.913	(45.995)	(16.135)	(9.653)
Hagnaður (tap)	78.420	(38.541)	55.318	26.450	72.916
Efnahagur					
Eignir samtals	4.270.098	4.568.965	4.518.534	4.635.989	4.850.037
Eigið fé samtals	1.704.724	1.658.134	1.697.152	1.661.312	1.644.322
Skuldir samtals	2.565.374	2.910.831	2.821.382	2.974.677	3.205.715
Nettó skuldir	2.190.459	2.429.176	2.435.571	2.502.873	2.673.966
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	233.816	258.485	236.178	267.172	229.595
Fjárfestingar	(88.271)	(149.455)	(122.979)	(107.689)	(53.517)
Fjármögnun	(220.687)	(12.893)	(151.670)	(185.328)	(106.294)
Lausafé og óádregin lán alls	407.070	589.934	597.895	645.709	573.208
Eiginfjárlutfall	39,9%	36,3%	37,6%	35,8%	33,9%
Arðsemi eiginfjár	4,7%	(2,3%)	3,3%	1,6%	4,7%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	3,76x	3,51x	3,27x	3,06x	3,68x
Nettó skuldir / EBITDA	6,59x	7,38x	7,58x	7,25x	8,97x



Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 15,4 m. USD frá árinu áður, eða úr 422,9 m. USD í 438,3 m. USD. Meðal annarra tekna eru tekjufærðar 17 milljónir USD vegna samkomulags Landsvirkjunar við Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. Meðalheildsöluverð til almenningsrafveitna (án flutningskostnaðar) var 4,3 kr./kWst á árinu samanborið við 4,0 kr./kWst árið áður. Meðalverð til iðnaðar var 25,9 USD/MWst en var 25,8 USD/MWst árið áður. Meðalverð til iðnaðar er reiknað með flutningskostnaði þar sem það er bundið í samninga. Flutningstekjur hækka á milli ára úr 56,5 m. USD í 59,0 m. USD.

Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður án afskrifta og virðisrýrnunar nam 106,1 m. USD á árinu 2014 en var 93,8 m. USD árið áður.

Afkoma

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 332,2 m. USD. EBITDA hlutfallið er 75,8% en var 77,8% árið 2013. Að teknu tilliti til afskrifta nam rekstrarhagnaður, EBIT 218,1 m. USD en var 211,5 m. USD árið áður.

Gjaldeyrismunur er jákvæður um 78,9 m. USD á árinu en var neikvæður um 9,9 m. USD árið áður. Meðalnafnvextir langtímalána voru um 3,5% að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds, sem er nánast óbreytt frá árinu áður. Lágt vaxtastig á heimsmarkaði hefur haft jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Hluti af orkusölusamningum móðurfélagsins eru tengdir þróun álverðs. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar krefjast þess að sú tenging sé reiknuð upp sem innbyggð afleiða. Reiknuð breyting á verðmæti þessarar innbyggðu afleiðu færir í rekstrarreikning og er 88,5 m. USD til gjalda á árinu 2014 en var 174,6 m. USD til gjalda árið áður. Gjaldeyrismunur og gangvirðisbreytingar eru að mestu leyti óinnleyst og verður að hafa það í huga við mat á afkomu fyrirtækisins og eru óinnleystir fjármagnsliðir því sérgreindir í framsetningu stjórnenda.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til þegar það metur grunnrekstur félagsins. Hagnaðurinn nam 146,9 m. USD árið 2014 en var 121,8 m. USD árið áður.

Hagnaður ársins var 78,4 m. USD en tap 38,5 m. USD árið áður.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Landsvirkjunar voru 4.270,1 m. USD í árslok 2014. Handbært fé í árslok 2014 var 207,1 m. USD. Fyrirtækið hefur aðgang að samningsbundnum veltilánnum og er óáðreginn hluti þeirra 200,0 m. USD. Lausafé og óáðregin lán voru því alls 407,1 m. USD.



Skuldir og eigið fé

Vaxtaberandi skuldir námu 2.397,5 m. USD í árslok 2014 og hafa lækkað um 319,7 m. USD frá árslokum 2013 þegar þær námu 2.717,2 m. USD. Að teknu tilliti til handbærs fjár þá námu nettó skuldir Landsvirkjunar 2.190,5 m. USD í árslok en voru 2.429,2 m. USD í árslok 2013 og hafa lækkað um 238,7 m. USD. Veginn meðallíftími lánasafnsins var um 5,4 ár.

Eigið fé fyrirtækisins var 1.704,7 m. USD og hefur eiginfjárlutfall hækkað. Það var 39,9% í árslok 2014 en 36,3% í lok árs 2013.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri samstæðunnar nam 233,8 m. USD. Fjárfestingarhreyfingar námu 88,3 m. USD. Afborganir lána umfram lántökur námu 207,3 m. USD og greiddur arður 13,4 m. USD vegna rekstrarársins 2013. Handbært fé samstæðunnar lækkaði um 80,9 m. USD á árinu og var 207,1 m. USD í árslok.

Kennitölur

Skuldsetning samstæðunnar mæld á móti rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (nettó skuldir / EBITDA) lækkar úr 7,38x í árslok 2013 í 6,59x í árslok 2014. Hlutfall veltufjár frá rekstri (FFO) á móti nettó skuldum fer úr 10,6% árið 2013 í 11,8% í árslok 2014.

Vaxtaþekjan (EBITDA / nettó vaxtagjöld) hækkar í 3,76x en var 3,51x í árslok 2013. Hlutfall veltufjár frá rekstri (FFO) á móti vaxtagjöldum hækkar úr 2,66x í lok árs 2013 í 2,82x í árslok 2014.

Arðsemi eiginfjár reiknast frá hagnaði og því geta innbyggðar afleiður og óinnleystur gjaldeyrismunur haft mikil áhrif á niðurstöðuna. Arðsemi eiginfjár var neikvæð um 2,3% fyrir árið 2013 en jákvæð um 4,7% árið 2014.

Horfur í rekstri

Áhugaverðar breytingar hafa orðið á rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja á Íslandi á undanförunum árum. Fjölbreytt eftirspurn er orðin eftir raforku á Íslandi. Iðngreinar eins og kísilmálmvinnslur og gagnaver sem lengi hefur verið áhugi á að fá til landsins undirbúa nú aukinn rekstur á Íslandi. Eftirspurn eftir raforku er nú orðin meiri en framboð sem skapar bæði tækifæri og áskoranir. Nauðsynlegt er því að auka orkuvinnslu ef mæta á þessari eftirspurn. Næstu framkvæmdir Landsvirkjunar verða við Þeistareykjavirkjun en mikilvægt er að fyrirtækinu verði gert mögulegt að ráðast í enn frekari virkjanir til þess að mæta þeim tækifærum sem nú eru til staðar og er þar helst horft til virkjanna í neðri hluta Þjórsár.

Afkoma Landsvirkjunar mun áfram ráðast að miklu leyti af þróun álverðs, vaxta og gjaldmiðla. Tekjur Landsvirkjunar eru að hluta til tengdar verði á áli og breytingar á álverði á heimsmörkuðum hafa því áfram áhrif á framtíðartekjur Landsvirkjunar. Álverð er um þessar mundir lágt og óvissa um þróun þess á næstu misserum.

Meirihluti lána fyrirtækisins ber breytilega vexti og því er áframhaldandi lágt vaxtastig mikilvægt rekstrinum.

Reykjavík, 25. febrúar 2015

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
s. 515 9000



Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um $\frac{3}{4}$ allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.